

Skorradalshreppur
Bt Sigurbjörgu Ósk Áskelsdóttur
Hvanneyrargötu 3
Hvanneyri
skorradalur@skorradalur.is

Dags. 12. febrúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2024-0052

Með erindi dags. 24. janúar sl. óskaði Skorradalshreppur eftir umsögn Veðurstofu Íslands um deiliskipulag frístundabyggðar í Fitjahlíð.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Ekki eru gerðar athugasemdir við deiliskipulagið umfram það sem kom fram í minnisblaði Veðurstofu Íslands frá 2021 (minnisblað í viðhengi).

Eins og fram kemur í minnisblaðinu þá er áhætta vegna ofanflóða talin undir viðmiðunarmörkum fyrir frístundahús (5 af 10000 á ári). Þó er ofanflóðahætta á svæðinu, sérstaklega vegna aurskriða, en skriða fór nærri því að lenda á frístundahúsi á svæðinu árið 1993. Hætta vegna aurskriða er að mestu talin bundin við vatnsfarvegi og eru því lögð fram þau tilmæli um að reisa ekki hús í eða við vatnsfarvegi.

Virðingarfyllst,
fh. Veðurstofu Íslands



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Minnisblað

Dags. 02.03.2021

Titill: Staðbundið hættumat fyrir frístundabyggð í Kiðhúsabala í landi Fitja, Skorradal

Höf. Þorbjörg Sigfúsdóttir, Magni Hreinn Jónsson

Viðtakandi: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir

Verknúmer: 4754-0-0001

Málsnúmer: 2018-0050

Staðhættir

Skipulagssvæðið tekur til frístundabyggðarinnar Kiðhúsabala. Er það innan stærri frístundabyggðar í landi Fitja, sem byggðist upp á árunum 1970-1983. Alls eru nú frístundalóðir í Kiðhúsabala (Fitjahlíð 47-62) og eru þegar hús á öllum lóðunum.

Frístundabyggðin er staðsett innarlega í Skorradal og er þar í Fitjahlíð sem hallar til suðurvesturs að Skorradalsvatni. Skipulagssvæðið liggur í um 60 til 100 m hæð og afmarkast að neðan af Skorradalsvatni. Ofan við frístundabyggðina er Skorradalsháls sem liggur meðfram allri norðurströnd vatnsins. Rís hann hæst upp í um 370 m, þar sem hann liggur ofan við Fitjahlíð, en er um 340 m hár beint ofan við skipulagssvæðið. Ofan skipulagssvæðisins er hlíðin tiltölulega hallalítill og nær hún efst upptakahalla snjóflóða (>25°) í um 300 m hæð. Sjónarhornið þangað frá skipulagssvæðinu eru um 22°. Þar fyrir neðan er upptakahalli á afmörkuðum svæðum í hlíðinni en er landhalli að langmestu leyti undir 30°. Aðeins dregur úr halla neðst í hlíðinni og þar sem skipulagssvæðið er staðsett er landhallinn um 14°.

Hlíðin er tiltölulega slétt og ekki eru áberandi klettabelti í henni. Er hún að mestu þakin kjarrgróðri upp í um 240 m hæð og eru flest möguleg upptakasvæðið snjóflóða undir kjarri. Þó svo að hlíðin sé frekar opin er nokkuð af grunnum lækjarfarvegum í henni og sumstaðar hefur orðið rof meðfram farvegnum. Liggja t.d. lækjarfarvegir við hvorn enda skipulagssvæðisins.

Nokkrar heimildir eru um aurskriður og grjóthrun í Skorradal en ekki hafa fundist neinar áreiðanlegar heimildir um snjóflóð.

Aurskriða féll á frístundabyggðina í Fitjahlíð í maí árið 1993 í kjölfar mikilla rigninga. Slapp þá eitt frístundahús naumlega en skriðan rann sitthvorum megin við húsið. Á sama tíma féllu nokkrar aðrar skriður á svæðinu (Halldór G. Pétursson, 2000; Morgunblaðið, 1993).

Ekki eru fleiri ofanflóðaskráningar sem ná til frístundabyggðarinnar sjálfar. Ekki er þó hægt að gera ráð fyrir að skriður sem féllu fyrir daga frístundabyggðarinnar (sem reis á árunum 1970-1983) séu skráðar. Hægt er að líta til næstu bæja; annars vega til Háfells og hinsvegar til Fitja til að fá hugmynd um tíðni skriða í næsta nágrenni. Báðir standa bæirnir undir sömu hlíð og skipulagssvæðið, er Háfell um 2 km vestan við það en Fitjar tæpum 3 km austan við það. Báðir eiga þessir bæir sér einhverja ofanflóðasögu. Í september árið 1962 féll skriða á veginn innan við Háafell (flod 15276) og árið 1993 féll stór aurskriða við bæinn, sem þá var orðið eyðibýli, en urðu þar einungis gróðurskemmdir (flod 11071). Varð seinni skriðan í sömu skriðuhrinunni og skriðan sem lenti á frístundabyggðinni. Árið 1701 féll stór skriða á túnið við Fitja, og að húsagarðinum (flod 11887). Í Jarðabók Árna Magnússonar og Jóns Vídalín kemur fram að báðum þessum bæjum, sem og flestum öðrum bæjum sem standa undir bröttum hlíðum í Skorradal stafi hætta af völdum skriða úr fjallinu.

Þó ekki hafi fundist neinar áreiðanlegar heimildir um snjóflóð í Skorradal þá varð snjóflóð í Lundareykjadal árið 1703 og tók það bæinn England. Í Setbergsannál er nefnt að fleiri snjóflóð hafi þá orðið bæði í Lundareykjadal og Skorradal. Hinsvegar eru engin fleiri flóð nefnd í umfjöllun um þetta flóð í Fitjaannál, sem talinn er trúverðugari heimild (sjá umfjöllin í Kristján Sæmundsson, 2002).

Hættumat

Þegar hefur verið gert bráðabirgðahættumat fyrir frístundabyggðirnar í landi Hvamms, Dagverðaness og Vatnsenda sem allar standa utar í dalnum en undir sömu suð- suðvesturvísandi hlíð (Hörður Þór Sigurðsson og Esther Hlíðar Jenssen, 2003; Esther Hlíðar Jenssen, 2004; Þórður Arason, 2004). Auk þess hafa einnig verið gerðar ýtarlegar úttektir á ofanflóðahættu fyrir frístundabyggðina í landi Hvamms (Björn Jóhann Björnsson, 2007; Kristján Sæmundsson, 2002).

Töluvert meira undirlendi er í ofanefndum frístundabyggðum en í Fitjahlíð og því stór hluti þeirra í minni bratta og í meiri fjarlægð frá hugsanlegum upptakasvæðum. Hinsvegar er aðstæður ofan vegar í frístundabyggðinni utan við Hvamm taldar nokkuð svipaðar og í Fitjahlíð (Kristján Sæmundsson, 2002).

Það helsta sem kom fram í úttektunum fyrir frístundahverfið í landi Hvamms, ofan vegar, var að hætta vegna vatns- og aurflóða auk grjóthruns sé ráðandi fyrir hættuna þar. Var þó talið að trjágróðurinn, og þá aðallega barrskógurinn, veitti ágæta vörn gegn þessu grjóthruni (Björn Jóhann Björnsson, 2007; Kristján Sæmundsson, 2002). Það skal þá tekið fram að ofan við Hvamm er nokkuð afgerandi klettabelti og því er grjóthrunshættan þar líklega meiri en í Fitjahlíð. Varðandi aurflóðin þá var hættan talin að mestu bundin við farvegi, þó svo að ekki væri hægt að útiloka að flóð gætu fallið í opnum hlíðum. Var því ráðlagt að koma byggingum fyrir á milli lækjarskorninga og er reyndar sérstaklega tekið fram að svo hafi verið gert í landi Fitja og fleiri stöðum á svæðinu (Björn Jóhann Björnsson, 2007; Kristján Sæmundsson, 2002).

Í brágðabirgðahættumati fyrir frístundabyggðirnar þrjár, sem vísað var til að ofan, var ekki talið að þeim stafaði mikil hætta af snjóflóðum. Ástæðurnar voru þær að ýmist voru möguleg upptakasvæði of langt frá frístundabyggðunum eða þau mjög lítil. Einnig er ekki mikil snjóflóðasaga á svæðinu og úrkoma ekki mikil í norðlægum áttum sem myndu helst valda snjósöfnun í hlíðina. Einnig var nefnt að mörgum tilfellum væru upptakasvæðin í kjarrgróðri.

Snjóflóðaaðstæður fyrir ofan við skipulagssvæðið er nokkuð sambærilegt og fyrir ofan hinar byggðirnar þrjár. Möguleg upptakasvæði er reyndar nokkuð nálægt skipulagssvæðinu en þau eru hinsvegar mjög lítil, landhallinn innan þeirra fremur lítill auk þess sem þau eru að mestu undir kjarrgróðri. Því er ekki líklegt að stór snjóflóð geti farið af stað í hlíðinni.

Talið var að áhætta vegna ofanflóða á frístundasvæðunum í landi Hvamms, Vatnsenda og Dagverðarness væri undir viðmiðunarmörkum fyrir frístundahús (5 af 10000 á hverju ári). Þó voru gerðar athugasemdir um staðsetningu byggingareita innan sumra lóða. Í þeim tilfellum voru lögð fram tilmæli um færslu byggingareita innan lóða svo þeir færðust fjær mögulegum upptakasvæðum snjóflóða eða lækjarfarvegum. Þar sem aðstæður er svipaðar er talið að ofanflóðahætta sé einnig undir viðmiðunarmörkum í Kiðhúsabala. En það er rétt að gæta þess þar eins og á hinum stöðunum að hús séu ekki reist í eða alveg við vatnsfarvegi.

Heimildir

Árni Magnússon & Páll Vídalín (1927/1982). Jarðabók IV: Borgarfjarðar- og Mýrasýsla. Reykjavík: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn.

Björn Jóhann Björnsson, 2007. Athugun á landi Hvamms í Skorradal með tilliti til skriðu- og grjóthrunshættu.

Esther Hlíðar Jenssen, 2004. Bráðabirgðahættumat fyrir hverfi frístundahúsa í landi Dagverðarness í Skorradal. Veðurstofa Íslands.

Halldór G. Pétursson 2000. Skriður á Vesturlandi 1925-1994. Tekið saman fyrir Veðurstofuna. Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur.

Hörður Þór Sigurðsson og Esther Hlíðar Jenssen, 2003. Bráðabirgðahættumat fyrir hverfi frístundahúsa í landi Hvamms í Skorradal. Veðurstofa Íslands.

Kristján Sæmundsson, 2002. Greining á hættuþáttum varðandi ofanföll í landi Hvamms í Skorradal.

Morgunblaðið, 1993. Aurskriða var nærri lent á sumarbústað. Morgunblaðið 11. maí 1993.

Þórður Arason, 2004. Bráðabirgðahættumat fyrir hverfi frístundahúsa í landi Vatnsenda í Skorradal. Veðurstofa Íslands.